

Þingflokksfundur Pírata

Miðvikudaginn 17. janúar 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 25/148

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JÞÓ) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ) Smári McCarthy (SmC)
Áheyrnarfulltrúar	Álfheiður Eymarsdóttir

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Dagskrárlið frestað.

2. Brif þingflokksformanns

Þingflokksformaður brifaði um stöðuna.

3. Tillaga að þingflokksamþykkt um ábyrgð og skyldur þeirra sem sitja í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum þingflokks Pírata

Kynning á tillögu að þingflokksamþykkt um ábyrgð og skyldur þeirra sem sitja í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum þingflokks Pírata.

Breytingartillaga ÞSÆ: 2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Skipaður fulltrúi skal halda fundargerðir þar sem fram koma sjónarmið, tillögur, ákvarðanir og bókanir. Fundargerðir og önnur gögn skulu send á þingflokk svo fljótt sem auðið er en þó eigi síðar en viku frá fundi.

Breytingartillaga var samþykkt með 5 atkvæðum.

Bókun JÞÓ: Vika er óþarflega tími til að skila fundargerð. Mæli með endurskoðun í ljósi reynslunnar.

Tillagan var samþykkt samhljóða svo breytt og verður þingflokksamþykkt nr. 12/2017.

4. Dómur Hæstaréttar um brot á tjáningarfrelsi

Umræða um dóma Hæstaréttar um mál sem varða tjáningarfrelsi. Lagt til að farið verði yfir þau málefni tjáningarfrelsis sem þarfnast skoðunar. HHG verður ábyrgðarmaður innan þingflokks.

5. Áherslumál á 148. þingi

Dagskrárlið frestað.

6. Önnur mál

-Nefnd um endurskoðun á fjárframlögum til stjórnmalaflokka

ERR mun hafa samband við forsætisráðuneyti um skipun í nefndina.